

# Um gjafsóknarreglur

## Niðurstaða vinnuhóps Lögmannafélags Íslands

### 1. Inngangur

Í desember 2015 var af hálfu Lögmannafélags Íslands skipaður vinnuhópur til að greina núgildandi reglur um gjafsóknarleyfi og koma með tillögur að breytingum.

Hópurinn skipaði í upphafi Hrefna Dögg Gunnarsdóttir hdl., Ingólfur Kristinn Magnússon hdl., Valborg Þ. Snævarr hrl., Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. og Þyrí Steingrímsdóttir hrl. Hópurinn hittist á nokkrum fundum á árinu 2016 og gerði drög að álitum en af ýmsum ástæðum lá vinna niðri árið 2017. Í upphafi árs 2018 var þráður tekinn upp að nýju en þar sem Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. hvarf til annarra starfa undir árslok 2017 tók hann ekki þátt í lokavinnslu álitsins.

Að ósk stjórnar Lögmannafélagsins var sjónum beint að tilgreindum álitafnum sem hér greinir í kaflaheitum álitsins og komst vinnuhópurinn að einróma niðurstöðum í öllum tilvikum og leggur fram ýmsar tillögur.

Í hnotskurn telur vinnuhópurinn að lagaskilyrði fyrir gjafsókn séu í grunninn góð og ekki tilefni til að breyta ákvæðum einkamálalaga svo neinu nemi, en telur jafnframt að talsvert hafi verið þrengt að réttinum til gjafsóknar bæði í reglugerðarheimildum og í framkvæmd. Í álitum þessu er bent á ýmsa atriði hvað þetta varðar og gerðar tillögur til úrbóta.

Má þar nefna lágmarkstekjuviðmiðið skv. a-lið 126. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem kveðið er á um í reglugerð um skilyrði gjafsóknar og gjafsóknarnefnd nr. 45/2008 með síðari breytingum, sem starfshópurinn telur nauðsynlegt að verði hækkað verulega. Í dag stendur fjárhæðin í 2.000.000 kr. fyrir einstakling en 3.000.000 kr. á samanlagðar tekjur sambúðarfólks á ári. Þá þurfi að setja skýrar reglur eða viðmið við mat gjafsóknarnefndar á verulegum hagsmunum skv. b-lið sama ákvæðis. Auk þess þurfi að setja slíkar reglur eða viðmið varðandi mat gjafsóknarnefndrar á tilefni til málshöfðunar skv. 1. mgr. sama ákvæðis.

Einnig bendir starfshópurinn á nauðsyn þess að málsmeðferðin um veitingu gjafsóknar sé skilvirkari, að breyta þurfi aðferðum við að ákveða þóknun sérfræðinga og lögmannna úr gjafsókninni og að skortur sé á heimild fyrir gjafsókn við rekstur stjórnisýslumála. Í lokakaflanum er svo bent á ýmislegt sem betur mætti fara í framkvæmd sem hópurinn telur rétt að koma á framfæri.

## 2. Nokkur orð um nógildandi kerfi gjafsóknar

Gjafsókn er notað bæði um gjafsókn og gjafvörn og byggir á ákvæðum XX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (hér eftir eml.) og reglugerðar um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar nr. 45/2008, sem breytt var með reglugerðum 1059/2010, 616/2012 og 1164/2017.

Gjafsókn er veitt vegna mála sem rekin eru fyrir íslenskum dómstólum og er aðeins veitt einstaklingum. Hver sá einstaklingur sem getur átt aðild að dómsmáli hér á landi, án tillits til ríkisborgararéttar, getur átt rétt til gjafsóknar.

Venjulega sækja lögmenn um leyfi til gjafsóknar fyrir hönd umbjóðenda sinna. Slíkri umsókn er beint til dómsmálaráðuneytis sem nýtur fulltingis nefndar við ákvörðun um gjafsókn. Fáa einstaklingar útgefið slíkt leyfi er ríkið skuldbundið til að greiða þann málskostnað sem gjafsóknarhafi hefur sjálfur af máli, þ.e. þóknun lögmanns samkvæmt ákvörðun dómara og eftir atvikum þóknun matsmanna. Auk þess falla öll réttargjöld niður. Gjafsókn má þó takmarka þannig að hún nái aðeins til tiltekinna þátta málskostnaðar eða geti hæst numið tiltekinni fjárhæð.

Skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar er að finna í framangreindum kafla eml. og reglugerð um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar. Grunnskilyrði fyrir veitingu gjafsóknar eða gjafvarnar er að nægilegt tilefni sé til málshöfðunar eða málsvarnar, sbr. 1. mgr. 126. gr. eml.

Til viðbótar framangreindu kveður ákvæðið á um tvö frekari skilyrði og þarf annað þeirra að vera uppfyllt til að gjafsókn eða gjafvörn verði veitt. Annaðhvort þarf umsækjandi að uppfylla a lið ákvæðis 1. mgr. 126. gr. eml., sem kveður á um að efnahag umsækjanda sé þannig hátt að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafsókn sé kostuð af almannafé. Stuðst er við nánar tilgreind tekjumörk og að einhverju leyti tekið tillit til framfærslukostnaðar o.fl. við matið.

Hitt skilyrðið er skv. b-lið sama ákvæðis en það heimilar að veita gjafsókn án tillits til fjárhags umsækjanda, en þó einvörðungu ef úrlausn máls sé talin hafa verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Nokkur tilvik eru um lögbundna gjafsókn og eru um það sérstök ákvæði í sérlögum, t.d. barnaverndarlögum, lögum um meðferð sakamála, ættleiðingarlögum o.fl. Slíkar heimildir til gjafsóknar eru þröngar en leyfið er ávallt veitt ef skilyrði viðkomandi ákvæða eru uppfyllt, óháð efnahag og tilefni til málssóknar.

Vinnuhópurinn sér ekki ástæðu til að lýsa með ítarlegum hætti í áliti þessu nógildandi fyrirkomulagi gjafsóknar en vísar að öðru leyti til títtnefndrar reglugerðar um gjafsókn og starfshætti gjafsóknarnefndar þar sem skilyrði gjafsóknar eru nánar útfærð. Þá er nokkuð ítarlega og með aðgengilegum hætti fjallað um skilyrði gjafsóknar á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins og vísast til þeirrar umfjöllunar.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup>Sjá hér <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=f5409f39-a50a-11e6-9409-005056bc4d74>

Hér eftir fara niðurstöður vinnuhópsins og tillögur til úrbóta. Fyrst verður fjallað um lagaskilyrðin til gjafsóknar en svo um ýmis atriði er horfa til framkvæmdar varðandi veitingu gjafsóknar og annað því tengdu.

### 3. Mat á tilefni málshöfðunar

Ákvæði 1. mgr. 126. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, gerir það að skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar að málstæður umsækjanda gefi nægilegt tilefni til málshöfðunar eða málsvarnar.

Í 5. gr. reglugerðar nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar koma fram ýmis skilyrði um hvernig meta skuli hvort tilefni sé til veitingar gjafsóknar fyrir héraðsdómi. Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar eru skilyrði 5. gr. jafnframt lögð til grundvallar við mat á tilefni til gjafsóknar fyrir Hæstarétti.

Vinnuhópurinn telur ástæðu til að vekja sérstaka athygli á ákvæði 2. tl. 5. reglugerðarinnar sem kveður á um að gjafsóknarnefnd beri að meta hvort að málsefnið sé nægilega skýrt, sbr. einnig a lið 2. tl. 5. gr. þar sem segir að „málatilbúnaður sé nægilega skýr þannig að ætla megi að málið sé tækt til efnismeðferðar fyrir dómstóli“. Þá er gjafsóknarnefnd veitt heimild skv. 3. tl. 5. gr. reglugerðarinnar, að hafa til viðmiðunar við mat á því hvort að tilefni sé til málsóknar, hvort að málefnið sé þannig „að nokkrar líkur séu á því að málið vinnist fyrir dómi.“ Engar frekari leiðbeiningar koma fram í ákvæðinu um hvernig gjafsóknarnefnd skuli leggja mat á slíkar líkur, aðrar en þær að heimilt er að horfa til þess hvort að dómstólar hafi áður leyst úr sambærilegu ágreiningsefni.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið til skoðunar svigrúm ríkja til að setja skilyrði fyrir veitingu fjárhagsaðstoðar í tengslum við ákvæði 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Af dómaframkvæmd MDE er ljóst að aðildarríki hafa talsvert svigrúm til að setja skilyrði um nægilegt tilefni til málshöfðunar (sjá t.d. niðurstöðu MDE í málum nr. 46800/1999 og 49384/1999).

Vinnuhópurinn telur að setja þurfi skýrari viðmið um starfshætti gjafsóknarnefndar og hvernig gjafsóknarnefnd skuli leggja mat á nægilegt tilefni til höfðunar dómsmála og verulega hagsmuni umsækjanda.

Að því er varðar 3. tl. 5. gr. reglugerðarinnar um að málsefnið sé þannig að nokkrar líkur séu á því að málið vinnist fyrir dómi telur vinnuhópurinn að samkvæmt nágildandi fyrirkomulagi sé matið of víðtækt og geri gjafsóknarnefnd nánast að dómstól sem metur málatilbúnað einstaklings án þess að nokkur hlutlægur mælikvarði liggja fyrir. Í þessu samhengi er vert að geta þess að vinnuhópnum er kunnugt um tilfelli þar sem gjafsókn hefur verið synjað vegna þess að gjafsóknarnefnd taldi ekki nægilegt tilefni til málshöfðunar en að mál umsækjanda hafi verið höfðað samt sem áður og unnist fyrir íslenskum dómstólum.

Viðmið 5. gr. reglugerðarinnar um mat á tilefni til gjafsóknar eru að mestu skilgreind

neikvætt, þ.e. tekið er fram í hvaða tilvikum skuli ekki veita gjafsókn. Vinnuhópurinn telur nauðsynlegt að 5. gr. reglugerðarinnar verði tekin til heildstæðrar endurskoðunar og breytt með þeim hætti að viðmið um tilefni til málsóknar verði hlutlæg að því marki sem hægt er, auk þess að vera matskennd. Sem dæmi um slík hlutlæg viðmið mætti nefna að málið varði fjárhagslega hagsmuni einstaklings umfram tiltekna fjárhæð eða umfram tiltekið hlutfall af eignastöðu hans. Matskennd viðmið um líf, heilsu og frelsi einstaklings yrðu jafnframt skilgreind í reglugerðinni.

#### 4. Óhóflega lágt tekjuviðmið

Skilyrðið um efnahag umsækjanda er að finna í a-lið 1. mgr. 126. gr. eml. Sem fyrr greinir er fyrst og fremst litið til tekna umsækjanda við mat á því hvort efnahag umsækjanda sé þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða.

Tekjumörk eru nú þau að árstekjur umsækjanda mega ekki nema hærri upphæð en kr. 2.000.000,- . Sé umsækjandi í hjónabandi má sameiginleg innkoma hjóna ekki nema meiru en kr. 3.000.000,- . Eigi umsækjandi barn eða börn, þá eru tekjuviðmiðin hækkuð sem nemur kr. 250.000,- fyrir hvert barn sem umsækjandi er með á framfæri sínu, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 45/2008 um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar, sbr. breytingarreglugerð nr. 1059/2010.

Vinnuhópurinn bendir á að framangreind viðmið eru talsvert undir lágmarkslaunum samkvæmt gildandi kjarasamningum. Sem dæmi má nefna að í samningi VR og SA frá 1. maí 2015, sem gildir til 31. desember 2018 eiga lágmarkslaun hinn 1. maí 2018 að vera kr. 300.000,- á mánuði eða kr. 3.600.000,- á ári.<sup>2</sup> Hefur viðmið lágmarkslauna farið stighækkandi frá því í maí 2015 en þá var það kr. 245.000,- á mánuði. Á sama tíma hefur viðmið árstekna vegna gjafsóknar staðið í stað.

Það er reynsla þeirra lögmanna sem sitja í vinnuhópnum að umsækjendur um gjafsókn, sem nauðsynlega þurfa á aðstoð að halda, hafi oftast en ekki tekjur yfir ofangreindum viðmiðum. Það á meðal annars við þá umsækjendur sem móttaka greiðslur frá Tryggingastofnun vegna örorku eða frá Vinnumálastofnun vegna atvinnuleysis. Í þessu samhengi má einnig benda á grunnneysluviðmið velferðarráðuneytisins en það er, sé miðað við einstakling, í öllum tilfellum herra en tekjuviðmið vegna gjafsóknar. Benda má á að samkvæmt reiknivél um neysluviðmið á heimasíðu Stjórnarráðs Íslands er dæmigert neysluviðmið fyrir einstakling á höfuðborgarsvæðinu kr. 2.676.557,- auk húsnæðiskostnaðar.<sup>3</sup> Fjárhæð neysluviðmiðsins er því umtalsvert hærri en tekjuviðmið gjafsóknarnefndar, sem hlýtur að teljast með miklum ólíkindum.

Þá bendir vinnuhópurinn á að tekjuviðmið umsækjanda um gjafsókn eða gjafvörn á Íslandi eru umtalsvert lægri en á hinum Norðurlöndunum.

Í Danmörku er viðmiðið nú dkr. 322.000,- á ársgrundvelli eða um kr. 5.300.000,- á núverandi verðlagi og hjá hjónum eða sambúðarfólki dkr. 409.000,- eða um kr.

<sup>2</sup>Kjarasamninginn má finna hér [http://vefbirting.oddni.is/vr/samningur\\_2016/index.html#12](http://vefbirting.oddni.is/vr/samningur_2016/index.html#12)

<sup>3</sup>Sjá hér [https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/neysluvidmid/reiknivél-fyrir-neysluvidmid/\\$Neysluvidmid/Index/](https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/neysluvidmid/reiknivél-fyrir-neysluvidmid/$Neysluvidmid/Index/)

6.800.000,- á núverandi verðlagi. Þá er tekið tillit til barna á framfæri umsækjanda og bæta má við dkr. 56.000,- við fjárhæðina fyrir hvert barn, eða um kr. 930.000,- á núverandi verðlagi.<sup>4</sup> Í Svíþjóð eru skilyrðin ekki tengd tekjum maka og mörk einstaklinga eru sek. 260.000,-<sup>5</sup> eða um kr. 3.200.000,- á núverandi verðlagi og í Noregi eru mörkin nok 246.000,- eða um kr. 3.450.000,- á núverandi verðlagi hjá einstaklingum og nok. 369.000,- eða kr. 4.735.000,- hjá sambúðarfólki<sup>6</sup>.

Þá má einnig nefna að lágmarkslaunaviðmið skaðabótalaga nr. 50/1993 sbr. 3. mgr. 7. gr. er kr. 3.328.500,- í febrúar 2018.

Kostnaður við að reka dómsmál nemur yfirleitt háum fjárhæðum og er lögmanns-kostnaður sjaldnast undir einni milljón króna. Það gefur því augaleið að einstaklingur með t.d. fjórar milljónir í árslaun getur ekki varið fjórðungi árstekna sinna til reksturs dómsmáls en engu að síður væri hann metinn yfir tekjuviðmiði gjafsóknar miðað við núverandi reglur. Er þá ekki tekið tillit til þess ef aðili að máli er dæmdur til að greiða málskostnað sem eykur enn á kostnað.

Það er mat vinnuhópsins að hækka þurfi tekjuviðmiðin verulega og leggur vinnuhópurinn til að ný tekjumörk taki að minnsta kosti mið af lágmarkslaunum samkvæmt gildandi kjarasamningi fyrir einstakling og tvöfalda þá fjárhæð fyrir hjón, sem yrði vísitölutengt í lögum. Hins vegar telur hópurinn ástæðu til að kanna hvort afnema eigi hið sameiginlega tekjuviðmið fyrir hjón og meta tekjur hvers einstaklings óháð hjúskaparstöðu. Áfram þyrfti að taka tillit til framfærslukostnaðar eða annarra fjárhagsaðstæðna umsækjenda.

Starfshópurinn hefur upplýsingar um að í dómsmálaráðuneytinu séu nú til meðferðar frumvarpsdrög þar sem hækka eigi myndarlega lágmarkslaun til grundvallar útreikningi skaðabóta vegna örorku, þ.e.a.s. að tillaga liggi fyrir um hækkun viðmiðslágmarkstekna í skaðabótalögum í kr. 5.500.000,-. Starfshópurinn væntir þess að svipuð rök komi ávallt til skoðunar við ákvörðun tekjuviðmiðs varðandi gjafsókn og varðandi skaðabótaútreikning og því megi gjarnan horfa til þeirrar frumvarpsvinnu ef breyta eigi tekjuviðmiðum varðandi gjafsókn.

Þar sem lágmarkslaunatekjuviðmið er lágt leggur vinnuhópurinn til að veitt verði svigrúm fyrir því að gjafsókn myndi ná til málskostnaðar að hluta og gæti hlutfallið farið stíglækkandi eftir því sem tekjur fara hækkandi og/eða nema ákveðinni fjárhæð í málum sem varða fjárhagslega hagsmuni.

Sem dæmi mætti nefna að ef tekjuviðmiðið væri kr. 3.600.000,- líkt og lágmarkslaun verða á árinu 2018 en umsækjandi hefði kr. 5.000.000,- í árslaun, væri heimild fyrir því að veita honum gjafsókn fyrir 70% af málskostnaði enda sé tekjuviðmiðið u.þ.b. 70% af hans árstekjum. Þá yrði gengið út frá því að viðkomandi bæri sjálfur 30% af sínum málskostnaði, sem væntanlega yrði ekki óyfirstíganlegt fyrir einstaklinginn og veitti honum mun betri aðgengi að gjafsókn og þar með dómstólum en samkvæmt nógildandi reglum.

<sup>4</sup>[http://www.civilstyrelsen.dk/da/Fri\\_proces/fri\\_proces/okonomiske\\_betingelser.aspx](http://www.civilstyrelsen.dk/da/Fri_proces/fri_proces/okonomiske_betingelser.aspx) (síðast sótt 15.3.2018)

<sup>5</sup>Rättshjälplag (1996:1619) aðgengilegt á <https://lagen.nu/1996:1619> (síðast sótt 27.2.2018)

<sup>6</sup><http://www.fri-rettshjelp.no/> (síðast sótt 27.2.2018)

## 4. Óhóflega matskennt ákvæði um verulega hagsmuni

Samkvæmt b-lið 1. mgr. 126. gr. eml. er heimilt að veita gjafsókn án tillits til fjárhags umsækjanda en einvörðungu ef úrlausn máls sé talin hafa verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Vinnuhópurinn telur að þessu ákvæði sé lítið beitt og sé óhóflega matskennt. Litlar leiðbeiningar er að finna í reglugerð um veitingu gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar en þar segir einvörðungu að við mat á því hvort gjafsókn verður veitt vegna þess að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu skal m.a. höfð hliðsjón af því hvort úrlausn máls teljist mikilvæg og hafi verulega þýðingu fyrir fjölda einstaklinga og hvort dómstólar hafi áður leyst úr sambærilegu eða svipuðu málefni.

Heimild þessi til að fá gjafsókn fyrir þá sem eru yfir tekjumörkum, en eru þó í þeirri stöðu að geta ekki fjármagnað kostnað við reksturs máls, hefur því verið eins konar öryggisventill á meðan tekjumörkin eru eins lág og raun ber vitni.

Fram hafa komið á þingi frumvörp til breytinga þar sem lagt er til að b-liðurinn verði felldur niður. Þau frumvörp hafa þó ekki fengið brautargengi. Það er mat vinnuhópsins að um nauðsynlegt ákvæði sé að ræða, en skýra verði nánar og fastsetja þau viðmið sem til skoðunar skuli koma við veitingu gjafsóknar samkvæmt því. Komi hins vegar til þess að b-liðurinn verði felldur niður er það mat vinnuhópsins að þá verði að hífa tekjumörkin skv. a-liðnum verulega upp.

## 5. Takmörkun þóknunar í gjafsóknarmálum

Vinnuhópurinn leggur áherslu á að í núverandi framkvæmd varðandi greiðslu þóknunar til lögmanna í gjafsóknarmálum halli verulega á lögmenn með ósanngjörnum hætti.

Eins og lög og framkvæmd gjafsóknarmála eru í dag fá dómkvaddir matsmenn framlagða reikninga sína greidda að fullu í gjafsóknarmálum og því geta dómkvaddir matsmenn sjálfir ákveðið þóknun sína.

Á sama tíma er þóknun lögmanna ákveðin, gjarnan með engum rökstuðningi, af dómara. Þannig þurfa lögmenn að hlíta einhvers konar endurmati á umfangi vinnu sinnar við hvert og eitt gjafsóknarmál sem og ákvörðunar tímagjalds af hálfu dómara, meðan aðrir sérfræðingar sem að málinu koma þurfa þess ekki.

Lögmenn hafa í áraraðir mótmælt þessu fyrirkomulagi og hafa bent á að gjarnan hefur gætt talsverðs ósamræmis um ákvörðun þóknunar til lögmanna milli dómstóla og dómstiga, og jafnvel milli dómara innan sama dómstóls. Vinnuhópurinn hefur spurnir af því að munur geti verið allt að tvöfaldur í algjörlega sambærilegum málum. Það virðist undir hælinn lagt hvort lítið sé til tímaskýrslu eða tímagjalds lögmanna samkvæmt gjaldskrá þeirra, en sem fyrr greinir er ákvörðun þóknunar yfirleitt ekki rökstudd.



Vinnuhópurinn telur að þessu fyrirkomulagi verði að breyta og fastsetja nánari reglur um ákvörðun þóknunar lögmanna sem taki mið af tímaskýrslum þeirra og tímagjaldi, sem bindandi verði fyrir dómstóla að fara eftir.

## 6. Skortur á möguleika til gjafsóknar vegna reksturs mála fyrir stjórnáslunefndum

Vinnuhópurinn telur að nauðsynlegt sé að bæta við heimildum til að veita aðstoð vegna reksturs mála fyrir stjórnvöldum. Í þessu samhengi er vakin athygli á því að mál fyrir stjórnvöldum eru oft nauðsynlegur undanfari dómsmála, sbr. t.d. b-lið 2. tl. 5. gr. reglugerðar 45/2008 og lögmannaástoð er oftast en ekki nauðsynleg við rekstur mála fyrir stjórnvöldum.

Vinnuhópurinn vísar til þess að hvað slíkar heimildir varðar eru íslenskar reglur frábrugðnar því sem gildir á hinum Norðurlöndunum, en í nánast öllu tilliti er íslenska gjafsóknarkerfið eftirbátur hinna norrænu. Nefna má sem dæmi að í Danmörku er veitt sérstök réttaraðstoð (d. Rets Hjælp) til einstaklinga til að sækja lögmannaástoð vegna mála sem ekki enda fyrir dómstólum. Grundvöllur þess er að gefa einstaklingum kost á því að fá ráðgjöf um lögfræðileg málefni en einnig aðstoð við bréfaskrif og kærur vegna mála í stjórnáslumeðferð, umsókna af ýmsu tagi og einnig varðandi sáttameðferðir. Slík réttaraðstoð er í Danmörku bundin við ákveðna fjárhæð sem veitt er í hverju tilviki fyrir sig skv. umsókn og að uppfylltu tekjuviðmiði.<sup>7</sup>

## 7. Skilvirkari málsmeðferð við veitingu gjafsóknar

Í frumvarpi innanríkisráðherra sem lagt var fram á 145. löggjafarþingi er lagt til að sýslumaður taki ákvörðun um synjun eða veitingu gjafsóknar og niðurstöður hans séu kærnanlegar til gjafsóknarnefndar.

Vinnuhópurinn telur það til bóta að ákvarðanir um synjun gjafsóknar séu kærnanlegar. Samkvæmt núgildandi lögum er ekki til staðar kæruleið komist gjafsóknarnefnd að þeirri niðurstöðu að hafna skuli umsókn um gjafsókn. Vinnuhópurinn telur að úr því þurfi að bæta.

Vinnuhópurinn telur hins vegar að ekki sé ráðlegt að fela sýslumanni að synja um gjafsókn heldur leggur til að sýslumanni verði veitt heimild til þess að veita gjafsókn t.d. ef um er að ræða lögbundna gjafsókn eða ef tekjuviðmið eru augljóslega uppfyllt en öll vafamál verði send sjálfkrafa, þ.e.a.s. án þess að umsækjandi þurfi að hafa aðkomu að því, til gjafsóknarnefndar í þeirri mynd sem hún er skv. núgildandi lögum, en synji gjafsóknarnefnd um veitingu gjafsóknar þá sé sú ákvörðun kærnanleg til úrskurðarnefndar um gjafsókn sem koma þyrfi á fót.

---

<sup>7</sup>Sjá neðanmálsgrein 4

Með framangreindri málsmeðferð telur vinnuhópurinn að ráðherra eða ráðuneytið þurfi ekki að koma að neinu leyti að útgáfu gjafsóknarleyfa sem yrði til að gera hana fljótvirkari og einfaldari og auk þess yrði komið á fót kæruleið. Vinnuhópurinn leggur þó áherslu á umfjöllun um nauðsyn þess að til séu viðmið um tilefni til málsóknar ef ætlunin er að einfalda málsmeðferðina með framangreindum hætti.

## 8. Önnur atriði

Gjafsókn er takmörkuð við rekstur máls fyrir héraðsdómi. Sú aðstaða leiðir til þess að ekki er mögulegt að kæra réttarfarsleg atriði skv. 143. gr. eml. til Landsréttar. Þessi staða kemur í veg fyrir jafnan aðgang aðila að dómstólum. Úr þessu þarf að bæta þannig að sé fallist á veitingu gjafsóknar þá taki slík veiting til allra þeirra atriða sem lúta að rekstri máls fyrir héraðsdómi, þ.á m. kæru réttarfarsatriða til Landsréttar.

Niðurstöður gjafsóknarnefndar eru ekki birtar og þá eru ekki gefin út leiðbeinandi yfirlit með helstu niðurstöðum nefndarinnar. Hvoru tveggja telur vinnuhópurinn að kæmi að góðum notum fyrir umsækjendur og lögmenn. Birting niðurstaðna eða a.m.k. yfirlit með leiðbeinandi upplýsingum um niðurstöður umsókna telur hópurinn að myndi leiða til skilvirkari málsmeðferðar enda fengju umsækjendur og lögmenn þeirra þannig upplýsingar um mál sem kynnu að vera fordæmisgefandi. Birting niðurstaðna eða leiðbeinandi yfirlits um niðurstöður nefndarinnar og/eða þeirrar úrskurðarnefndar sem hér er lagt til að koma á fót, er jafnframt til þess fallin að draga úr tilhæfalausum umsóknum eða umsóknum vegna sambærilegra mála og þeirra sem gjafsóknarnefnd hefur ítrekað hafnað. Þegar fram líða stundir ætti þessi háttur á birtingu niðurstaðna gjafsóknarnefndar því að vera líkleg til þess að draga úr fjölda umsókna.

Vinnuhópurinn telur það gæti orðið til bóta ef reglur væru settar um hvort og þá að hvaða leyti taka eigi tillit til réttaraðstoðartryggingar við mat á umsókn um gjafsóknarleyfi. Öll tryggingarfélög hér á landi bjóða upp á slíkar tryggingar sem hluta af venjulegri heimilis og/eða fjölskyldutryggingu. Hópnum er kunnugt um dæmi þar sem umsækjendur um gjafsóknarleyfi hafa verið beðnir um að upplýsa nefndina um hvort þeir hafi slíka tryggingu eða ekki, en að mati vinnuhópsins hlýtur vafi að leika á hvort nefndinni sé heimilt að leita eftir slíkum upplýsingum og þá þarf að gæta jafnræðis og gagnsæis við mat á því hvaða áhrif slíkar tryggingar hafi á veitingu gjafsóknar.

Reykjavík, 11. apríl 2018

*Hrefna Dögg Gunnarsdóttir  
Ingólfur Kristinn Magnússon  
Valborg P. Snævarr  
Þyri Steingrímsdóttir*